



Jafnréttisstefna

Skeiða- og Gnúpverjahrepps

2020-2022

Inngangur

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 fjalla um jafnrétti kynjanna og er markmið laganna að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum samfélagssviðum. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

Jafnrétti felur m.a. í sér að:

- Allir hafi jöfn áhrif í samfélaginu.
Efnahagslegt jafnræði sé milli allra óháð kyni.

Allir eiga að hafa sömu möguleika til menntunar, launavinnu og fjárhagslegs sjálfstæðis. Vinna skal gegn launamisrétti og annarri mismunum á grundvelli kyns á vinnumarkaði.
- Jafna skiptingu umönnunar- og heimilisstarfa.

Gera þarf öllum, óháð kyni, kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Allir eiga að bera sömu ábyrgð á heimilisstörfum og hafa sömu möguleika á að annast sína nánustu og þiggja umönnun.
- Breyta hefðbundnum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum.

Margar af þeim hefðbundnu kynja- og staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem eru ríkjandi í samfélaginu koma í veg fyrir að allir, óháð kyni, geti notið hæfileika sinna og atorku til fulls.

Segja má að jafnrétti kynjanna þýði að kynin hafi, í samanburði við hvert annað, til ráðstöfunar og umráða:

- Jafnmiklu fjármagni og jafnmikil efnahagsleg völd.
- Jafnmikil völd.
- Jafnmikla vinnu sem er í boði, bæði launaða og ólaunaða.
- Jafnmikinn frítíma.
- Njóti jafnmikillar virðingar.
- Jafngóða heilsugæslu.
- Jafnmikla þekkingu.
- Jafnmikið rými.
- Jafnmikla viðurkenningu.



Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna sveitarfélagsins er unnin í samræmi við lög nr. 10/2008 og önnur lög er snúa að jafnrétti.

Tilgangur stefnunnar er að koma á og viðhalda rétti á jöfnum aðgangi að gæðum og jöfnum tækifærum allra, óháð kyni, þannig að stuðla megi að jafnri stöðu á öllum sviðum samfélagsins.

Markmið stefnunnar er að stuðla að því að jöfn staða allra, óháð kyni, sé grundvallarréttur og þátttaka þeirra í ákvarðanatöku sé forsenda lýðræðislegs þjóðfélags. Þannig verði jafnréttissjónarmið samþætтуð og tekin inn í alla stefnumótum, ákvarðanatöku og aðgerðir á vegum sveitarfélagsins.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um að sveitarfélög skipi jafnréttisnefndir og geri jafnréttisáætlanir með framkvæmdaáætlun. Sveitarstjórn og Velferðar- og jafnréttisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana, þar sem m.a. kemur fram hvernig unnið skuli að kynjasamþættingu á öllum sviðum. Jafnframt verði sett fram framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðréttu skuli mismun á stöðu allra, óháð kyni, innan sveitarfélagsins.

Aðgerðar- og framkvæmdaáætlun má sjá í fylgiskjali með þessari jafnréttisstefnu.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á jafnréttisstefnu sveitarfélagsins. Velferðar- og jafnréttisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps er til ráðgjafar í málaflokknum, jafnt fyrir starfsmenn sveitarfélagsins og íbúa þess. Jafnréttisstefnan gildir frá 2020-2022 og skal kynnt öllum stjórnendum, starfsmönnum sveitarfélagsins ásamt kjörnum fulltrúum.

Jafnréttisstefnan gildir fyrir alla starfsmenn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Sveitarstjórn skuldbindur sig til að skapa þá umgjörð að unnið er skv. lögum um jafnrétti, að stöðugar umbætur og eftirlit með stefnunni.



Hlutverk og skyldur sveitarfélagsins

Hlutverk og skyldur sveitarfélagsins er margþætt og skuldbindur sveitarfélagið sig til að vinna að jafnræði á þremur meginviðum:

- Sveitarfélaginu sem stjórnvaldi.
- Sveitarfélaginu sem atvinnurekanda.
- Sveitarfélaginu sem þjónustuveitanda.

Sveitarfélagið sem stjórnvald

Skipan í nefndir, ráð og stjórnir:

Unnið skal markvisst að því að jafna hlut kynja í nefndum, ráðum og stjórnunum á vegum sveitarfélagsins. Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir, skal þess gætt að hlutfall allra sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Kynjasamþætting:

Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins og stofnanna þeirra.

Sveitarfélagið sem atvinnurekandi.

Launajafnrétti:

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Öllum, óháð kyni, skulu greidd jöfn laun og skulu þau njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir alla, óháð kyni. Laun eru í 8. tölulið 2. gr. jafnréttislaga skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Laus störf og starfsauglýsingar:

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið öllum, óháð kyni. Stefnt er að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynja í mismunandi starfsgreinum innan sveitarfélaganna.

Stöðuveitingar og störf:

Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Sérstök áhersla er lögð á jafna stöðu allra, óháð kyni, í stjórnunar- og áhrifastöðum.



Starfsþjálfun, endurmenntun og framgangur í starfi:

Tryggt verði að allir, óháð kyni, njóti sömu möguleika til starfsþjálfunar og endurmenntunar. Þess verði gætt við úthlutun verkefna og tækifæra til að axla ábyrgð, sem og þegar um framgang eða tilfærslu í störfum er að ræða, að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis. Sama gildir um starfs- eða vinnuhópa sem starfsfólk er skipað í.

Jafnvægi milli atvinnu- og fjölskyldulífs:

Sveitarfélögin leitast við að skapa starfsmönnum sínum aðstæður til að samræma kröfur atvinnu- og einkalífs eins og kostur er. Gert verði ráð fyrir að allir, óháð kyni, njóti sveigjanleika til að sinna fjölskyldum sínum. Óheimilt er að láta fæðingar- og foreldraorlof, eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði, hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir um framgang í starfi, endurmenntun, uppsögn, vinnuáðstæður og fleiri slíka þætti sem fram koma í 1. mgr. 26. gr. jafnréttislaga. Starfsmenn skulu eiga kost á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem kjarasamningar og aðstæður framast leyfa.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni - kynbundið ofbeldi:

Kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi er með öllu óheimil á vinnustöðum sveitarfélagsins. Mikilvægt jafnréttismál er því að útrýma kynbundnu ofbeldi og klámvæðingu. Allt starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki kynbundinni eða kynferðislegri áreitni.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemandur og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitniá vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir

Í jafnréttislögum eru eftirfarandi skilgreiningar:

Kynbundin áreitni: Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjánainga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.



Sveitarfélögin sem þjónustuveitandi

Þjónusta:

Tryggja á jafnan aðgang allra, óháð kyni, að þjónustu sveitarfélaganna. Við ákvarðanir um tilhögun hennar skal gæta þess að mismuna ekki kynjum.

Íþrótt-, tómsunda-, leik- og grunnskólastarf:

Allt uppeldis- og tómsundastarf, menntun og fræðsla skal hafa jafna stöðu og jafnan rétt óháð kyni að leiðarljósi. Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu í öllu starfi með börnum og unglíngum og þau skulu hvött til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Skólayfirvöld og stjórnendur félags- og tómsundastarfs, styrki jákvæða ímynd allra einstaklinga óháð kyni og vinni gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal unglínga.



Jafnréttisstefna

Skeiða- og Gnúpverjahrepps

2020-2022

Aðgerðar og framkvæmdaáætlun jafnréttisstefnu, fylgiskjal með jafnréttisstefnu.

Sveitarfélagið sem stjórnvald

Skipan í nefndir ráð og stjórnir

1. **Aðgerð:**

Velferðar- og jafnréttisnefnd geri úttekt á kynjahlutföllum í nefndum ráðum og stjórnnum, og kynni það fyrir sveitarstjórn.

Tímasetning:

Fyrir 1. september á fyrsta ári kjörtímabils.

Ábyrgð:

Velferðar- og jafnréttisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

2. **Aðgerð:**

Ef breytingar verði á nefndarskipan á kjörtímabilinu, þá verði þess gætt að tilnefna fulltrúa af því kyni sem hallar á í nefndinni.

Tímasetning:

2020-2022

Ábyrgð:

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

3. **Aðgerð:**

Í öllum framboðum til sveitarstjórna er hvatt til þess bréflæga að allir, óháð kyni, hafi jafnt vægi á listum og þess gætt við kosningu í nefndir, ráð og stjórnir að hlutverk kynjanna sé sem jafnast.

Tímasetning:

Fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Ábyrgð:

Fráfarandi Velferðar- og jafnréttisnefnd kjörtímabilsins.



Kynjasambætting

1. Aðgerð:

Fræðsla og námskeið frá Jafnréttisstofu um kynjasambættingu fyrir sveitarstjórnarmenn, stjórnendur sveitarfélagsins og starfsfólk sem áhuga hefur á jafnréttismálum.

Tímasetning:

Á fyrsta og þriðja ári hvers kjörtímabils.

Ábyrgð:

Sveitarstjórn.

2. Aðgerð:

Gæta skal þess að kynjasambætting verði viðhöfð við alla stefnumótun og áætlanagerð.

Tímasetning:

2020 – 2022.

Ábyrgð:

Sveitarstjórn og sveitarstjóri



Sveitarfélagið sem atvinnurekandi.

Launajafnrétti

1. **Aðgerð:**

Velferðar- og jafnréttisnefnd óskar eftir upplýsingum frá launafulltrúa sveitarfélagsins um hvort til staðar sé kynbundinn launamunur hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi og ef svo er, þá geri sveitarstjórn áætlun um hvernig hún hyggist jafna hlut kynjanna.

Tímasetning:

Lokið fyrir 1. október árlega.

Ábyrgð:

Velferðar- og jafnréttisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

2. **Aðgerð:**

Gerð verður launakönnun meðal starfsmanna sveitarfélagsins, ekki síðar en 1. apríl ár hvert. Könnunin skal gefa skýrt til kynna hvort um kynbundinn launamun sé að ræða.

Tímasetning:

Lokið fyrir 1. apríl ár hvert.

Ábyrgð:

Sveitarstjóri.

3. **Aðgerð:**

Vinnu við jafnlaunavottun hófst í lok árs 2019 og verður lokið eigi síðar en 23. september 2020.

Tímasetning:

23. september 2020.

Ábyrgð:

Sveitarstjóri

Laus störf og starfsauglýsingar

1. **Aðgerð:**

Í auglýsingum eru störf ókyngreind og þess gætt við gerð þeirra. Sérstaklega skal hvetja einstaklinga óháð kyni til að sækja um auglýst störf. Þó er heimilt að auglýsa sérstaklega eftir því kyni sem hallar á ef tilgangurinn er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

Tímasetning:

Þegar starf er auglýst.

Ábyrgð:

Sveitarstjóri og stjórnendur sveitarfélagsins.



Stöðuveitingar og störf

1. Aðgerð:

Teknar saman upplýsingar um hlut kynja í stjórnunar- og áhrifastöðum í sveitarfélögunum.

Tímasetning:

október á fyrsta og þriðja ári kjörtímabils.

Ábyrgð:

Velferðar- og jafnréttisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

2. Aðgerð:

Ef hallar á eitthvert kyn ber sveitarstjórn að sýna sérstaka aðgát vegna jafnréttissjónarmiða þegar nýráðningar eða tilfærslur eru í störfum og reyna eftir fremsta megni að rétta hlut þess kyns sem á hallar.

Tímasetning:

Við hverja nýskráningu eða tilfærslu á störfum.

Ábyrgð:

Sveitarstjórn og stjórnendur sveitarfélagsins.

Starfsþjálfun, endurmenntun og framgangur í starfi:

1. Aðgerð:

Haldið verði utan um þátttöku starfsfólks á námskeiðum, við endurmenntun og í starfs – og vinnuhópum. Greina skal hvort hallar á eitthvert kynið við nýtingu slíkra tækifæra. Komi slíkt í ljós ber að reyna eftir fremsta megni að leiðrétta það.

Tímasetning:

Athugun skal lokið fyrir 1.október ár hvert.

Ábyrgð:

Sveitarstjórn, stjórnendur sveitarfélagsins.

Jafnvægi milli atvinnu- og fjölskyldulífs:

1. Aðgerð:

Feður jafnt sem mæður verði hvattir til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs og veikindadaga vegna veikinda barna.

Tímasetning:

Samantekt á niðurstöðum lokið fyrir 1. október ár hvert.

Ábyrgð:

Sveitarstjóri og stjórnendur sveitarfélagsins.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni - kynbundið ofbeldi:



1. Aðgerð:

Afhenda og kynna fræðslu- og leiðbeiningabækling vinnueftirlitsins um einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Allir stjórnendur fái fræðslu um forvarnir og settar verði upp verklagsreglur um meðferð mála sem varða kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni eða kynbundið ofbeldi og þær kynntar og gerðar aðgengilegar öllu starfsfólki sveitarfélagsins.

Tímasetning:

Í júní mánuði á þriðja og fjórða ári kjörtímabils.

Ábyrgð:

Sveitarstjórn.



Sveitarfélögin sem þjónustuveitandi

Þjónusta:

1. **Aðgerð:**

Upplýsingar um þjónustu sem sveitarfélögin veita skulu vera kyngreindar og ef í ljós kemur að þjónustan virðist henta einungis öðru kyninu skal gerð áætlun um hvernig hægt sé að breyta þjónustunni svo hún henti öllum kynjum.

Tímasetning:

Lokið fyrir 1. mars 2021.

Ábyrgð:

Forstöðumenn stofnana.

2. **Aðgerð:**

Aðilar sem njóta aðstöðu eða annarra styrkja frá sveitarfélaginu gæti þess að kynjum sé ekki mismunað í starfi þeirra.

Tímasetning:

Við upphaf aðstöðuveitingar eða við styrkveitingu.

Ábyrgð:

Sveitarstjóri.

Íþróttá-, tómsunda-, leik- og grunnskólastarf:

1. **Aðgerð:**

Skólafyrirvöld sjái til þess eftir fremsta megni að námsefni mismuni ekki kynjum og í náms og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna öllum kynjum störf sem hingað til hafa verið álitin hefðbundin kvenna- og karlastörf.

Tímasetning:

1. október, ár hvert.

Ábyrgð:

Skólanefnd og skólastjórnendur.

2. **Aðgerð**

Íþróttá- og tómsundastarf skal skipulagt með þarfir og hagsmuni allra kynja í huga, svo sem varðandi tímasetningu og aðstöðu.

Tímasetning: 1. september, ár hvert.

Ábyrgð: Skólanefnd og skólastjórnendur.



3. **Aðgerð:**

Greina skal upplýsingar um iðkendur, af öllum kynjum, í íþrótt- og tómstundastarfi og komi í ljós að fyrirkomulag starfseminnar sé með þeim hætti að tækifæri og möguleikar allra kynja séu ekki jafnir, skal þegar leita leiða til úrbóta.

Tímasetning:

Á hverju hausti fyrir 1. október.

Ábyrgð:

Menningar- og æskulýðsnefnd og skólastjórnendur.

4. **Aðgerð:**

Starfsmenn og/eða sveitarstjórn sem sjá um samningagerð við félagasamtök gæti þess að fram komi í áætlunum hvernig starfsemi þeirra muni nýtast öllum kynjum.

Tímasetning:

Þegar samningar við félagasamtök eru lausir.

Ábyrgð:

Sveitastjórn.